



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 13. maí 2020 varðandi eftirfarandi mál.

Rekagrandi 14, leikskóli

Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 7. maí 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Eiðsgranda, miðsvæði, vegna lóðarinnar nr. 14 við Rekagranda. Í breytingunni felst að lóð leikskólans stækkar ásamt því að girðingu verður breytt, afmarkaður er annars vegar byggingarreitur fyrir færanlegar stofur og hins vegar byggingarreitur fyrir möguleika á stækkun núverandi leikskóla til suðurs og vesturs ásamt því að 4 bílastæði í borgarlandi auk snúningsreits verður aflagt, samkvæmt uppdr. umhverfis- og skipulagssviðs dags. 21. apríl 2020.

*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísað til borgarráðs.*

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fram kemur í greinargerð með deiliskipulagsbreytingum að fækka á bílastæðum um fjögur. Það veldur nokkrum áhyggjum þar sem erfitt er að lifa billausum lífstíl í Reykjavík og nú þegar er skortur á bílastæðum fyrir utan suma leikskóla. Foreldrar koma með börn sín á bíl nema þeir búi skammt frá og geta gengið með þau eða hjólað. Þegar komið er með börnin í leikskóla á álagstímum er stundum engin stæði laus og þarf þá að bíða í götunni þar til stæði losnar, aðstæður sem geta skapað hættu. Í gögnum segir einnig að leggja á af snúningsreit eða snúningsás. Það að leggja af snúningsás er ekki til bóta fyrir þá sem koma á bíl. Ef reglur um fjölda bílastæða í Reykjavík eru skoðaðar segir að gera eigi ráð fyrir 0,2 - 0,5 bílastæði á starf, og gera þarf ráð fyrir mun fleirum stæðum þ.m.t. sleppistæðum við leikskóla og lægri deildir grunnskóla þar sem meiri líkur eru á að börnum í neðri deildum er skutlað í skólann. Mælt er með því að helmingur stæða séu yfirbyggð. Fjöldi stæða skal vera 0,4 stæði/starfsmann og 20 stæði/100 nemendur. Við Grunnskóla eiga að vera stæði fyrir starfsmenn plús sleppistæði allt að 60 á 100 nemendur samkv. reglum.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi gagnbókun: Það er góð og barnvæn lausn að ganga frekar á bílastæði við stækkun leikskólans en leiksvæði barnanna eins og stundum hefur gerst. Það er rétt forgangsroðun. Börn eru mikilvægari en bílar.



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Aheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi gagnbókun:

Finna þarf lausnir sem henta sem flestum. Afneitun hjálpar ekki í því. Staðreyndin er sú að fólk ekur börnum sínum á leikskóla nema það búi við hlið leikskólans eða getur hjólað með barnið. Það er sennilega minnihlutinn. Eftir að hafa rætt við hóp foreldra víðs vegar um borgina þá er þetta bara víða vandamál sér í lagi á álagstímum. Skipulagsyfirvöld geta ekki stungið hausnum í sandinn þegar þessi mál ber á góma. Fulltrúa Flokks fólksins finnst ekki eiga við að meirihlutinn beri börn saman við bíla. Flokkur fólksins skilur ekki slíkan samanburð.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir


Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjal: uppdr. umhverfis- og skipulagssviðs dags. 21. apríl 2020.


Breyting á deiliskipulagi "Eiðsgrandi Stofnanasvæði"



NÚVERANDI DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR 1:1000




TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI 1:1000



HLUTI AÐALSKIPULAGS REYKJAVÍKUR 2010-2030

Skýringar

- Mörk skólastofnanna
- Mörk deiliskipulagsbreytingar
- Lóðarmörk
- Núverandi byggingar
- Byggingarreitur
- Kvöð um gróður



SKÝRINGARMYND 1:500

GREINARGERÐ GILDANDI DEILISKIPULAGS:

Í gildi er deiliskipulag, Eiðsgrandi stofnanasvæði, samþykkt í borgarráði 17. des. 1985 með síðari breytingum. 1. áfangi grunnskólans reis á lóðinni 1985. Lóðarstækkun var samþykkt í borgarráði 10. jan. 1989 og sama ár var byggt við skólann. Gildandi mæliblað er skv. uppdætti. 1996 var skólinn aftur stækkaður og var sú stækkun samþykkt í skipulagsnefnd 27. nóv. 1995. Skólalóðin hefur verið stækkuð á tveimur stöðum og leikskólalóðin minnkuð til suðurs sem nemur boltavelli skólans. 2019 var bætt við lausum stofum fyrir frístundastarf.

GREINARGERÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGAR:

Deiliskipulagsbreytingin varðar lóðina Rekagrundi 14 og borgarland. Fjölga á leikskólaláttum með því að setja tvær lausar stofur við leikskólann Gullborg. Lóð leikskólans stækkar út á borgarland. Þar sem nú er snúningsás og 4 bílastæði í enda Rekagranda, verða hluti leikskólalóðar og þar er byggingarreitur fyrir stofurnar staðsettur. Göngustígur vestan boltavallar verður hluti af leikskólalóð. Opin göngustígur í borgarlandi verður áfram meðfram íþróttavelli við lóð Grandaskóla. Lítið eða ekkert verður grafið fyrir stofunum. Kvöð verður gerð um að borgin færi stofurnar ef þarf að komast að fráveitu- eða skólpögn. Raflagnir verða færðar til þannig þær liggja ekki undir stofum.

Breytingin felst í að:

- Lóð leikskólans stækkar og girðingu leikskólans verður breytt, þannig að færanlegar stofur séu innan girðingar.
- Afmarkaður er byggingarreitur fyrir færanlegar stofur.
- Afmarkaðir eru byggingarreitir fyrir möguleika á stækkun núverandi leikskóla til suðurs og vesturs.
- 4 bílastæði í borgarlandi auk snúningsreits verður aflagt.

Færanlegar stofur eru á einni hæð með mænispaki. Hámarks mænishæð er mest heimiluð 4,5 m frá gólf. Stofur verða byggðar um 0,5 m (leiðbeinandi hæð) ofar hæðarpunkti 5,45 í götu.

STÆRÐIR:

FYRIR BREYTINGU	EFTIR BREYTINGU	
Lóð grunnskólans:	14.524 m ²	14.524 m ² óbreytt
Lóð leikskólans	3.837 m ²	4.406 m ²
Leikskólabygging	519 m ²	605 m ²
Fjöldi bílastæða á og við leikskólalóð:	14	10
Lausar stofur	0 m ²	300 m ²

Að öðru leyti gilda eldri skilmálar óbreyttir.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

þann _____ 20__ og í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

STADGREINIR 0-1-151207

Hönnunarstjóri: Rúnar Gunnarsson 090550-7999 Samþykkt:

Verk	Rekagrundi 14	Teikn nr.	1
EIÐSGRANDI STOFNANASVÆÐI			
Deiliskipulagsbreyting	Mkv.	1:500, 1:1000	
Afstöðumynd, útlit			
Teiknað/hannað	GÞB	Dags.	21.04.20
A2			
		arkitekt FAÍ	090550-7999
		arkitekt	220849-3769
		arkitekt FAÍ	280386-2279
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar			
Borgartúni 12-14, 105 REYKJAVÍK sími 411-8000			